

Stjórnarfundur STEFs 29. júní 2021

Fundargerð - útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs þriðjudaginn 29. júní 2021 og hófst hann kl. 11:00.

Fundarmenn voru: Bragi Valdimar Skúlason (formaður), Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Sigurður Flosason, Sigríður Thorlacius, Hallur Ingólfsson, Páll Ragnar Pálsson og Hildur Kristín Stefánsdóttir. Að auki sat fundinn framkvæmdastjóri.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 4. maí svo og útdráttur úr fundargerð voru lögð fram til samþykktar.

Fundargerðin og útdrátturinn voru samþykkt.

2. Fundargerð fulltrúaráðsfundar frá 8. maí lögð fram til upplýsingar.

Engar athugasemdir komu fram.

3. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum lagt fram.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

- a) Rafrænt fréttabréf STEFs, dags. 01.06. 2021.
- b) Niðurstöður Gallup-könnunar v. IHM – Spotify niðurhal.
- c) Sameiginlegt bréf rétthafasamtaka til fjarskiptafyrirtækja vegna ólöglegrar dreifingar efnis.
- d) Milliuppgjör til 30. apríl 2021.

Til viðbótar við það sem fram kemur í yfirlitinu gerði framkvæmdastjóri grein fyrir framvindu verkefna þeirra kvenna sem eru að taka þátt í “mentor”-verkefni STEFs, Vindur í seglum.

4. Skýrsla KPMG vegna starfslýsinga o.fl.

Sævar Kristinsson og Hildur T. Flóvenz frá KPMG komu sem gestir á fundinn og kynntu skýrslu sína.

Samþykkt var að fara í uppfærslu Navision-kerfisins til að geta farið í rafræna bókvinnslu.

Ákveðið var þó að fresta endanlegri ákvörðunartöku hvað varðar breytingar á skipuriti til auka-stjórnarfundar, sem haldinn verður þann 5. júlí n.k.

5. Stefnumótun stjórnar.

Lagðar voru fram að nýju niðurstöður stefnumótunarfundar með KPMG frá 20. maí 2020.

Ákveðið var að fresta þessum lið til auka-stjórnarfundar, 5. júlí n.k. Voru stjórnarmenn hvattir til þess að kynna sér niðurstöðurnar á milli funda.

6. Verðskrá fyrir loftför.

Lögð voru fram drög að verðskrá fyrir loftför, sem var samþykkt. Byggist verðskráin á nýjum samningi við Ícelandair.

7. Varamaður í stjórn SUT.

Ákveðið var að falast eftir kröftum Ragnheiðar Gröndal til að taka þetta sæti f.h. STEFs.

8. Hannesarholt – stuðningsyfirlýsing.

Lögð voru fram drög að orðalagi stuðningsyfirlýsingar frá Braga Valdimar. Samþykkt var að senda yfirlýsinguna og um leið að þetta verði sameiginleg yfirlýsing STEFs, FTT og TÍ — og að bjóða einnig SFH að vera aðili að henni.

9. Önnur mál.

- a) Ákveðið var að bjóða fulltrúaráði STEFs á kvöldskemmtun í september, í stað hefðbundinnar vorskemmtunar, sem var aflýst vegna heimsfaraldursins.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 13:15.



www.stef.is / info@stef.is